



UMSÖGN

Efni: Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2024

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Vísað er til bréfs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), dags. 10. nóvember 2023, vegna tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og árgjaldi sveitarfélaga til samtakanna.

Fram kemur að á 47. aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sem haldinn var þann 10. nóvember 2023, og hófst með ársfundi byggðasamlaganna, hafi verið fjallað um starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og hún lögð fram til samþykktar.

Stjórn SSH lagði til við aðalfund að árgjald aðildarsveitarfélaga til samtakanna verði 164 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2024 og hækki úr 156 kr. á hvern íbúa frá fyrra ári miðað við áætlaða verðlagsbreytingu 4,9%. Var tillagan samþykkt samhljóða. Tillagan er afgreidd af aðildarsveitarfélögum með samþykkt fjárhagsáætlunar.

Sá kostnaður sem fellur á Reykjavíkurborg miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. desember 2023 og er 56.48% eða sem nemur 23.273.613 m.kr. fyrir árið 2024 miðað við framlagða áætlun. Fyrir árið 2023 var gjaldið 21.497.918 m.kr. Mismunurinn milli ára er því 1.498.821 m.kr.

Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun í fjárhagsáætlun og þarf því að gera viðauka til að mæta hækkuninni. Bent er á að betur færi á því að upplýsingar um gjald til SSH kæmi fyrr til sveitarfélaga svo að gera megi ráð fyrir hækkun á milli ára, ef einhver er, í fjárhagsáætlun.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs